

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um búðarhnúpl.

Frá Birgi Þórarinssyni.

- Hvernig hefur umfang búðarhnúpls í verslunum sem tilkynnt hefur verið til lögreglu þróast síðastliðin fimm ár?
- Hefur lögreglan upplýsingar um umfang óupplýsts búðarhnúpls í verslunum, og ef svo er, hvernig hefur áætlað umfang óupplýsts búðarhnúpls í verslunum þróast síðastliðin fimm ár?
- Hefur sjálfvirknivæðing í verslunum haft áhrif á umfang búðarhnúpls á síðustu fimm árum, og ef svo er, hvernig?
- Hversu stóran hluta vöruverðs má rekja til kostnaðar sem framleiðendur, heildsalar og verslanir þurfa að standa undir vegna búðarhnúpls?
- Við hvaða erlendar rannsóknir, þar á meðal á Norðurlöndunum, er stuðst til að meta efnahagslegt og fjárhagslegt umfang og áhrif búðarhnúpls?
- Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa í því skyni að takmarka búðarhnúpl?

Skriflegt svar óskast.